

Alþingi
Erindi nr. P 132/1221
komudagur 9.3.2006

Húnavöllum 7.03.2006

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um þingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun 2006-2009.

Þann 1. mars tók Hreppsnefnd Húnavatnshrepps til umfjöllunnar þingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun 2006-2009.


Í framhaldi af þeirri umræðu var eftirfarandi samþykkt.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps lýsir sig í öllum aðalatriðum sammála meginmarkmiðum þingsályktunarinnar. Þó vill hreppsnefndin áréttta að Norðurland vestra hefur á undanförunum árum farið halloka í samkeppni við aðra landshluta þannig að samfelld fólksfækkun hefur verið á svæðinu, sbr. bls. 34-35.

Það uppbyggingar og þensluástand sem fylgt hefur stórframkvæmdum hefur lítið orðið vart á Norðurlandi vestra og stöðnun eða hnignun í hefðbundnum atvinnugreinum s.s. landbúnaði og sjávarútvegi hefur komið illa niður á svæðinu. Eftirtalin atriði telur hreppsnefnd Húnavatnshrepps lykilatriði svo snúa megi vörn í sókn.

- a) Norðurland vestra þ.e Strandir að Tröllaskaga verði skilgreint sem sérstakur landshlutakjarni.*
- b) Norðurland vestra fái sinn skerf af uppbyggingu nýrra atvinnutækifæra.*
- c) Landbúnaði og sjávarútvegi verði tryggð viðunandi rekstrarskilyrði.*
- d) Átak verði gert í samgöngu- og fjarskiptamálum á svæðinu.*

Virðingarfyllst.


Björn Magnússon
oddviti Húnavatnshrepps